



Stjórn Úrvinnslusjóðs

348. stjórnarfundur, þriðjudaginn 29. júní 2023 - kl. 13.00 – 14:30

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Til kynningar:
 - a. Breytingar á úrvinnslugjaldi – halógeneruð efni og hjólbarðar
 - b. Umbúðatafla – fleiri valmöguleikar fyrir megin söluumbúðir
 - c. Erindi MS og svar
 - d. Auglýsingaherferð – söfnun á víðavangi
 - e. Innleiðing hringrásarhagkerfis, ráðstöfun á gler-, viðar- og málmumbúðum, greiðslur fyrir söfnun á víðavangi
2. Ökutæki, nýtt fyrirkomulag
3. Heyrúlluplast
4. Sérstök söfnun, úrtakskannanir
5. Aðgerðaráætlun
6. Önnur mál
7. Fundargerð fundarins

Fundinn sátu:

Stjórn:

Magnús Jóhannesson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM).

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Ólafur Kjartansson (ÓK),
Daníel Gunnarsson (DG),
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Aðrir:

Gunnar Bragason, ráðgjafi

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Framlengdur var frestur til 31.12.23 til að taka ákvörðun um breytingu á upplýsingagjöf vegna meðferðar ökutækja
- Endurgjald vegna innlestrar endurvinnslu heyrúlluplasts verði óbreytt til 31.12.23
- Tillaga um hlutfall sem lagt er til grundvallar við greiðslu vegna sérstakrar söfnunar var samþykkt.
- Fundargerð fundar 348 var samþykkt

DAGSKRÁ:

1. Til kynningar:

- a. Breytingar á úrvinnslugjaldi fyrir halógeneruð efni og hjólbarða
Kynntar eru tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi í flokkunum halógeneruð efni og hjólbarðar. Tillaga um breytingar í flokknum halógeneruð efni byggir á stöðu sjóðs og vænt skil. Tillaga um breytingar í flokknum hjólbarðar byggir á stöðu sjóðsins og auknum kostnaði við úrvinnslu.

Ekki eru gerðar athugasemdir en endanlegar tillögur verða lagðar fyrir stjórn á ágústfundi.

- b. Umbúðatafla – fleiri valmöguleikar fyrir megin söluumbúðir
Sagt er frá tillögum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis til breytinga á lögum um úrvinnslugjald. Breytingum er ætlað er að leysa úr þeim erfiðleikum sem upp komu við álagningu úrvinnslugjalda á umbúðir o.fl. í byrjun árs.
- c. Erindi MS og svar
Stjórn var kynnt efni erindis MS og svar Úrvinnslusjóðs við því. Tekið er fram að MS hafi verið boðið að svari yrði fylgt eftir á fundi.
- d. Auglýsingaherferð – söfnun á víðavangi
Sagt var frá tillögum um auglýsingaherferð vegna söfnunar á víðavangi.
- e. Innleiðing hringrásarhagkerfis, ráðstöfun á gler-, víðar- og málmumbúðum, greiðslur fyrir söfnun á víðavangi.
Sagt var frá úrlausnarefni tengdu staðfestingu magns í söfnun þar sem meðhöndlunaraðilar eru víða um land einnig söfnunaraðilar. Úrvinnslusjóði var falið að koma með tillögu að lausn.

2. Ökutæki, nýtt fyrirkomulag

Á 337. stjórnarfundi Úrvinnslusjóðs þann 5. desember 2022 var samþykkt með hliðsjón af stöðu brotamálmsfyrirtækja að fresta ákvörðun um breytingar á upplýsingagjöf um ráðstöfun ökutækja til 1.7.2023. Lagt er til nú að frestur verði framlengdur til næstu áramóta. En þá verði einnig tekin ákvörðun um endurgjald fyrir úrvinnslu ökutækja umfram það sem greitt er nú þegar þ.e. fyrir hreinsun á olíu.

Tillaga er samþykkt með því skilyrði að gerðar verði ráðstafanir sem tryggi að meðhöndlun verði komið í rétt ferli um áramót.

3. Heyrúlluplast

Lagt er fyrir stjórn að taka ákvörðun um með hvaða hætti skuli svara fyrirspurn Silfrabergs sem flytur inn heyrúlluplast úr endurunnu efni. Einnig að metið verði hvort rétt sé að endurskoða eftirfarandi ákvörðun stjórnar frá 330 fundi stjórnar frá 30. júní 2022:

„Endurgjald fyrir fullunnið heyrúlluplast (perlur) var hækkað tímabundið úr 90 kr./kg í 120 kr./kg síðast liðið sumar og hækkunin framlengd til 30.6.22 um síðustu áramót. Lagt er til að endurgjald fyrir baggað heyrúlluplast var óbreytt.

Tillagan var SAMÞYKKT.“

Lagt er til að endurgjald fyrir innlenda endurvinnslu sem ráðstöfunarleið verði óbreytt til næstu áramóta en á þeim tíma verði búið að kanna og staðfesta óhreinindahlutfall og gjald þá tekið til endurskoðunar.

Úrvinnslusjóði var falið að koma með tillögu að svari við erindi Silfrabergs umbúðalausna.

4. Sérstök söfnun – úrtakskannanir

Fyrir fundinum liggur minnisblað starfshóps um sérstaka söfnun þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum úrtaka sem tekin hafa verið úr grenndargámum og tunnum sem komið hefur verið fyrir við heimili fyrir pappa og pappír og plast. Flokkuð hafa verið 3.745 kg af efni og tekin 80 sýni mestmegnis á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Lagt er til að byrjað verði að greiða fyrir sérstaka söfnun á grundvelli niðurstöðu kannana sem birtar eru stjórnarmönnum. Haldið verði áfram með vinnu starfshóps og kannanir teknar í fleiri sveitarfélögum, gefi niðurstöður þeirra kannana ástæðu til verði skoðað hvort miða eigi við mismunandi hlutföll við greiðslur eftir því hvar efni er safnað og/eða hvort breyta þurfi almennt forsendum. Áfram verði tekin sýni á a.m.k. 6 mánaða fresti og verði þá greiðsluhlutföllum breytt ef niðurstöður gefi tilefni til þess. Fram kom að ástæða sé til að birta niðurstöður úrtakskannana í þeim tilgangi að bæta flokkun úrgangs bæði í heimatunnum og grenndargámum.

Tillaga um hlutfall sem lagt er til grundvallar við greiðslu var samþykkt með því skilyrði að greiðslur verði leiðréttar til sveitarfélaga þar sem ekki hefur náðst að taka úrtakskannanir, komi síðar í ljós að hlutfall efnis sem ber úrvinnslugjald sé annað en stuðst var við við uppgjör á sérstakri söfnun.

Fulltrúar sveitarfélaga sitja hjá og óska eftir eftirfarandi bókun í fundargerð:

„Úrtakskannanir munu koma til með að hafa áhrif á kostnaðarhlutdeild Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga á sérstakri söfnun. Enn eru nokkrir annmarkar á aðferðarfræði úrtakskannana á sérstakri söfnun og niðurstöður þeirra liggja enn ekki fyrir um allt land eins og áætlað var. Fulltrúar sveitarfélaganna í stjórn Úrvinnslusjóðs telja nauðsynlegt að þær byggji á reynslu annarra samanburðarþjóða svo unnt sé að bera saman tölur yfir það sem safnast á Íslandi. Þá þarf að

styðjast við viðurkennda aðferðarfræði og framkvæma kannanirnar með sama hætti um land allt. Eins þarf að tryggja eftirlit á úttektunum og gagnsæi í vali á sýnum og greiningum þeirra. Fulltrúar sveitarfélaganna sitja því hjá að sinni þar til tekið verður tillit til ofangreindra athugasemda fultrúanna.“

5. Aðgerðaráætlun

Á síðasta stjórnarfundum var samþykkt að tekin yrði saman aðgerðaráætlun um viðbrögð við atriðum sem fram hefðu komið í fjölmiðlaumfjöllun um drykkjarfurnur.

Farið var yfir aðgerðaráætlun og ekki gerðar athugasemdir við hana. Fram kom einnig að Úrvinnslusjóður hefði nálgast aðila sem gera myndi úttekt á núverandi vinnslu og hvort og hvaða möguleikar eru til úrbóta.

6. Önnur mál (+ mín)

7. Fundargerð fundarins (15 mín)

Fundargerð fundarins var lögð fram til samþykktar.

Fundargerð fundarins var samþykkt.